



Áveitan

3. tbl. 19. árgangur. Mars 2025

Héraðsleikar HSK 15. mars 2025

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum verða haldnir í Selfosshöllinni laugar-daginn 15. mars og hefjast kl. 11:00.

Mótið er fyrir þáttakendur á aldrinum 10 ára og yngri (fæddir 2015 og fyrr). Aðeins félagar í aðildarfélögum HSK geta skráð sig.

Keppnisgreinar eru:

10 ára piltar og stúlkur: 60m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp, hringhlaup.

9 ára piltar og stúlkur: 60m hlaup, langstökk, kúluvarp, skutlukast, hringhlaup.

8 ára og yngri piltar og stúlkur: 60m hlaup, langstökk, skutlukast, hringhlaup.



Þjóttandi stefnir á að mæta á mótið með flottan hóp af krökkum. Upplýsingar um skráningu verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur. ATH er gert er ráð fyrir að foreldrar mæti með börnum sínum og taki þátt í aðstoða á mótinu.

Héraðsmót HSK 15. mars 2025

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum verður haldið í Selfosshöllinni laugar-daginn 15. mars og hefjst kl. 13:30.

Mótið er héraðsmót og er stigakeppni milli aðildafélaga sambandsins.

Mótið er fyrir þáttakendur á aldrinum 13 ára og eldri. Aðeins félagar í aðildarfélögum HSK geta skráð sig.

Keppnisgreinar eru:

Konur og karlar: 60 m hlaup – 60m grindahlaup – stangarstökk- hástökk - langstökk – kúluvarp.

Skráningarfrestur og skráningarfyrirkomulag

Skráningarfrestur er til 24:00 miðvikudaginn 12. mars. Félagsmenn Þjóttanda eru beðnir um að skrá sig hjá Bryndísi, formanni íþróttanefndar á netfangið bryndisdalbae@gmail.com.

Tímaseðil af mótinu er að finna á mótaforritinu Þór inn á heimasíðu FRÍ.

Ekki verður tekið við skráningum eftir að skráningarfrestur rennur út.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps



Kæru íbúar og aðrir lesendur

Þann 8. febrúar var haldið þorablót Flóamanna í Þingborg og mættu þangað um 250 manns. Þetta er í annað skipti sem sameiginlegt þorablót er haldið og tókst það mjög vel. Framlag íbúa til þessarar rótgrónu hefðar er ómetanlegt fyrir samfélagið okkar en það eru íbúarnir sem sjá um að skipuleggja og halda þorablótið.

Þann 20. febrúar var svo haldið þorablót fyrir 60+ íbúa í Flóahreppi í fyrsta skipti og mættu um 60 manns á blótið. Þorablótið var frábærlega vel heppnað og skemmtu gestir sér vel. 60+ þorablótið var skipulagt af fulltrúum öldungaráðs með aðstoð frá fulltrúum úr íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd.

Vinnuskóli

Stefnt er að því að starfrækja vinnuskóla fyrir unglinga á aldrinum í sumar. *Sumarið 2025 eiga unglingar fæddir 2009-2011 kost á vinnu í 6 vikur mánudaga-fimmtudaga og þeir sem fæddir eru 2012 eiga kost á vinnu í 2 vikur í samráði við flokkstjóra.*

Sjá nánar hér: [https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/ fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps](https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps)

Allt byggist þetta á því að við fáum öflugan flokkstjóra til starfa til að stýra vinnuskólanum.

Auglýsing um störf flokkstjóra verður birt fljótlega á heimasíðu Flóahrepps. Hvet áhugasöm til að sækja um störf flokkstjóra og við vinnuskólann enda skemmtileg og fjölbreytt störf.

Hvatagreiðslur

Flóahreppur greiðir styrk til íþrótt- lista- og tómstundaiðkunar tvisvar sinnum á ári, að hausti og vori. Umsóknarfrestur vegna hvatagreiðslna að vori er til **1. apríl**. Foreldrar/ forráðamenn barna á aldrinum frá og með 5 ára og að 18 ára aldri sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um greiðslurnar. **Athugið að ekki er hægt að sækja um aftur í tímann þ.e fyrir tímabil fyrir áramótin 2024-2025 og ekki er tekið við umsóknum eftir að umsóknarfrestur rennur út.**

Umsóknir og nánari reglur um hvatagreiðslur má nálgast hér á heimasíðu: <https://www.floahreppur.is/is/sveitin-okkar/ithrottir-og-utivist/hvatagreiðslur>

Styrkur til menningarmála

Sveitarstjórn veitir árlega styrk/styrki til menningarmála í sveitarfélaginu skv. gildandi reglum um úthlutun. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps **fyrir 15. apríl** og úthlutanir verða í tenglum við Fjör í Flóa í vor.

Sjá nánari reglur um úthlutun menningarstyrks á heimasíðu Flóahrepps: https://www.floahreppur.is/static/files/Reglur/rett_reglur-um-uthlutun-styrks-til-menningarmala-i-floahreppi.pdf
Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps verða þriðjudagana **4. mars kl. 17:00** og **18. mars kl. 17:00** í Þingborg.

*Með kærri kveðju
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrismýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að ekki er opið á laugardögum.

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrismýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma. Klippikortin gilda ekki fyrir dýraleifar og aukaafurðir dýra.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Ingibjörg Einarsdóttir sér um bókanir fyrir félagsheimilin í Flóahreppi. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdís bókari, launafulltrúi og álagningarkerfi: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:

UTU er staðsett á Laugarvatni.

Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480-1180

Vegna skólaþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

vellíðan fyrir alla

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps.

Verður haldinn fimmtudaginn 6 mars kl. 18 í Þingborg .

Dagskrá :

1 Venjuleg aðalfundarstörf,

2. Önnur mál .

Kaffikonur Guðbjörg Jónsdóttir, Halla Reynisdóttir og Katrín Þóroddsdóttir.

Nýjar konur velkomnar.

Kveðja stjórnin.

Frá Villingaholtskirkju

Messa verður í Villingaholtskirkju, sunnudaginn 16. mars kl. 14.00.

Prestur verður sr. Ása Björk Ólafsdóttir.

Guðmundur Eiríksson er organisti og kirkjukórinn syngur.

60 + hittingur

Næstu 60+ hittingur verður í Þjórsárveri miðvikudaginn 12. mars kl 16:00. Húsið opnar kl 15:30.

60+ Leikhúsferð

Leikdeild Umf Gnúpverja er um þessar mundir að sýna leikritið Sex í sveit í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur. Stefnt er á að fara saman að sjá sýninguna í Árnesi, sunnudaginn 16. mars n.k. kl 20:00.

Þau sem vilja sameinast í bíla, hittast við Þingborg kl 19:00.

Endilega látið Helenu (s: 8996685) eða Höllu (s 6990717) vita um þáttöku fyrir 13. mars.

Nefndin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundurinn okkar verður haldinn fimmtudaginn 27.mars kl. 19:00 í Þjórsárveri. Á dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar eða inngöngu í félagið. Upplýsingar veitir Ósk formaður í síma 847-3687 eða netfang kfvillingaholtshrepps@gmail.com.

Kveðja, stjórnin

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Aðalfundur HRFF verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 20. mars. Fundurinn hefst kl. 20:00. Kaffiveitingar í boði félagsins. Hvetjum við félagsmenn til að mæta á aðalfundinn og hafa áhrif á störf félagsins.

Dagskrá aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundaritarar.
- Skýrsla stjórnar.
- Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram.
- Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.
- Upphæð félagsgjalds ákveðin.
- Inntaka nýrra félaga.
- Lagabreytingar, sé þeirra getið í fundarboði.
- Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga samkvæmt 5.gr. laga félagsins.
Kosið er um 3 stjórnarmenn á komandi aðalfundi, formann og 2 stjórnarmenn.
- Verðlaunaafhendingar, sé þeirra er getið í fundarboði.
- Önnur mál.

Stjórn HRFF

Heimasíðan okkar er hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com.

[Erum líka á Fésbókinni](#)

Bætt vatnsstaða hefur jákvæð áhrif

Vatnsstaðan á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu hefur batnað töluvert í leysingum og vatnsveðri síðustu vikna, en sem kunnugt er hefur vatnsbúskapurinn verið með lakasta hætti að undanförunu og vatnsárið sem endaði í október það versta í sögu Landsvirkjunar. Skerðingum sem voru í gangi fyrir áramót hefur nú verið hætt með bættum horfum. Raforkuvinnsla Þjórsársvæðis árið 2024 var um 6.200 GWst, en til samanburðar var hún 6.860 GWst árið 2023 og 6.800 GWst árið þar á undan.

Nýr bilkrani á Þjórsársvæði

Eftir að hafa þjónað Búrfellssvæðinu frá upphafi, eða frá árinu 1968, hefur American grindarbómukrananum verið lagt. Það má heita ótrúleg ending á svona tæki, en þennan langa líftíma má þakka því að alla tíð var hugsað mjög vel um kranann og viðhaldi sinnt samvirkusamlega. En allt hefur sinn tíma og endurnýjun var orðin brýn, enda úrelða öryggiskröfur nútímans þessi gömlu tæki. Eftir vel heppnað útboðsferli var gengið til samninga við Rukó um kaup á nýjum Liebherr Ltm 1090-4.2 krana. Nú á bara eftir að koma í ljós hvort ending nýju græjunnar verði eins góð og á Amerikananum.



Styrkir til flottra verkefna úr samfélagssjóði

Í desember var úthlutað úr samfélagssjóði Landsvirkjunar í þriðja sinn á árinu 2024. Fjöldi flottra verkefna á svæðinu fékk styrk, þar á meðal Skákverkefni Laugalandsskóla, Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja og verkefnið Hreyfing alla ævi hjá Ungmennafélagi Hrunamanna. Fjöldmörg önnur verkefni víðs vegar um landið hafa fengið styrki úr sjóðnum, en áhersla er lögð á samfélagslega mikilvæg verkefni í nærsamfélögum Landsvirkjunar.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 31. mars, en um sjóðinn má lesa á vefnum:

landsvirkjun.is/samfelagssjodur



Samningur FSu og Landsvirkjunar framlengdur

Samningur um stuðning Landsvirkjunar við iðnnám við Fjölbrautaskóla Suðurlands hefur verið framlengdur til þriggja ára, en hann var gerður til reynslu á síðasta ári. Samningurinn gerir ráð fyrir að tekið sé á móti allt að tveimur iðnnemum á hverju sumri á Sogssvæðinu, öðrum í rafmagnsgreinum og hinum í vélgreinum. Þessir nemar eru ekki aðeins í sumarvinnu á Sogssvæðinu heldur eru þeir einnig studdir við gerð ferlibókar sinnar. Ferlibók er núna orðin hluti af iðnnáminu og forsenda þess að nemendur geti klárað sveinsprófið. Í bókina er færð staðfesting á ýmsum verkefnum sem nemarnir vinna að í starfi sínu, en þar er einnig fjallað um öryggismál og vinnustaðarmenningu. Þar hefur Landsvirkjun mjög margt fram að færa.

Stuðningnum hefur verið mjög vel tekið í Fsu, nemendur jafnt sem kennarar verið mjög ánægðir með framlag Landsvirkjunar og starfsfólk okkar að sama skapi ánægt með að geta orðið að liði.

Unnið að vinnubúðum við Hvamm

Undirbúningsframkvæmdir vegna Hvammsvirkjunar halda áfram af fullum krafti, þrátt fyrir óvissu í leyfismálum. Aðalverktakar framkvæmdanna, Fossvélar, vinna að því að koma upp eigin vinnubúðum og stefnt er að því að þær verði tilbúnar í vor. Verktaki vinnur einnig að undirbúningi efnisvinnslu úr efsta hluta frárennslisskurðar virkjunarinnar, svokallaðri námu A, auk þess sem unnið er að vegagerð með fyllingarefni úr námunni. Verkefnið gengur því vel þrátt fyrir tímabundnar tafir, en óveðrið þann 6. febrúar setti strik í reikninginn og hægði tímabundið á framkvæmdum. Fjarskiptamastur hefur verið reist á vinnusvæðinu og mun það auka öryggi í samskiptum til muna. Reiknað er með því að nýr fjarskiptabúnaður verði virkur í vor eða snemmsumars.



Búrfellslundur heitir nú Vaðölduver

Framkvæmdir við Vaðölduver, sem áður var kallað Búrfellslundur, hófust á síðasta fjórðungi ársins 2024. Skrifað var undir samning við Borgarverk vegna vegaframkvæmda í byrjun október og þann 23. þess mánaðar hófust verkframkvæmdir formlega, þegar orku- og umhverfismálaráðherra sáði fyrstu vindmyllufræjunum.

Vegaframkvæmdir héldu áfram eins og veður leyfði, en undanfarið höfum við ásamt Vegagerðinni skoðað hvaða vegbætur þurfi að fara í á vegakerfi Suðurlands, eins og til dæmis að styrkja Landveg, til að tryggja örugga flutningaleið. Gert er ráð fyrir að farið verði í þær framkvæmdir á árinu 2025.

Stórum áfanga var náð í nóvember, þegar samið var við Enercon Gmbh um hönnun, framleiðslu og uppsetningu á vindmyllunum. Einnig var samið við fyrirtækið um þjónustu við vindorkuverið til að minnsta kosti 15 ára.

Haldnir voru kynningarfundir vegna verkefnisins í Árnosi og Landhótelu í nóvember. Fundirnir voru vel sóttir og góðar umræður spunnust. Þá var einnig haldinn fundur í janúar þar sem kynnt var hvernig hægt væri að taka þátt í útboði um gistingu í nærsamfélagi í tengslum við framkvæmdirnar.

Metfjöldi umsókna um sumarstörf

Mikill og ánægjulegur áhugi er á sumarstörfum ungmenna á aflstöðvum Landsvirkjunar. Metfjöldi umsókna barst þetta árið, eða um 330, sem er mikil fjölgun frá fyrra ári. Það er ljóst að því miður getum við ekki orðið við beiðnum allra, en við munum vinna hratt og vel úr umsóknum á næstu dögum.

Fjör í Flóa



30-31. maí 2025

Lumar þú nokkuð á



- Skemmtilegri gönguleið í Flóahreppi fyrir kvöldgönguna okkar ?



- Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum ?



- Afurðum beint frá býli ?



- Langar þig að hafa opið hús ?



- Fallegu handverki til sölu eða sýnis ?



- Skemmtilegum hugmyndum ?

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA

FRÁ ÞÉR

RÚNAR S.898-1535

HARPA S.848-7713

SIGRÚN S.862-1574



Finndu okkur á : FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa



Kvenfélögin í
Flóahreppi

HEILSUEFLANDI
samfélag
vettúan fyrir alla



Fréttir frá Flóaskóla

Að venju eru fjölbreytt verkefni í gangi í skólanum.



Elstu nemendur skólans gerðu víðreist síðustu viku febrúarmánaðar.



Nemendur á unglingastigi fóru í skíðaferð á Sauðárkrók síðastliðinn miðvikudag. Ætlunin var að koma heim á föstudegi en vegna veðurs var ferð flýtt og komið heim seint á fimmtudagskvöld. Miðað við lélegt skíðafæri víða um land í vetur þá náði hópurinn mjög góðum tveimur dögum í brekkum Tindastóls. Fínt skíðafæri og yndislegt veður.

7. bekkurinn okkar varði vikunni í skólabúðunum að Reykjum í Hrutafirði. Fóru snemma á mánudagsmorgni og komu heim síðdegis á fimmtudegi. Ferðin í ár var skipulögð þannig að allir samstarfsskólarnir í Arnespíngi fóru saman í skólabúðirnar, uppsveita-skólarnir fimm og Flóaskóli. Þetta heppnaðist mjög vel og styrkti enn frekar böndin milli skólanna sem er afar jákvætt upp á áframhaldandi samstarf í smiðjum og öðrum verkefnum.

Þriðju smiðjur vetrarins voru einmitt



haldnar um miðjan febrúar, þá fóru allir nemendur á elsta stigi í Reykholt en nemendur af miðstigi komu til okkar í Flóaskóla.

Nemenda- og foreldraviðtöl eru nýafstaðin og gengu þau afar vel. Foreldrar og forráðamenn nemenda í Flóaskóla styðja vel við skólann og starf hans bæði í orði og verki og okkur þykir vænt um það traust sem við finnum fyrir hjá hópnum.

USSS er undankeppni söngkeppni Samfés á Suðurlandi. Eftir nokkur hlé er Flóaskóli að taka þátt í keppninni í ár.

Undankeppni USSS verður haldin í Flóaskóla mánudaginn 3. mars. Sigurvegari hennar fer síðan sem fulltrúi Flóaskóla í söngkeppni USSS þar sem félagsmiðstöðvar á Suðurlandi taka þátt og keppa um þrjú sæti í úrslitakeppni Samfés sem fer fram í vor.

Í komandi viku er öskudagur og þá brjótum við upp hefðbundna dagskrá. Allir eru hvattir til að mæta í búningum eða furðufötum. Kötturinn er sleginn úr tunnunni og svo er endað á öskudagsballi í Þjórsárverri.

Í mars og fram í fyrstu viku apríl er unnið í þeim út frá grunnþættinum *jafnrétti* en í honum felst að nemendur skilji hvernig allir hafa rétt á að fá að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis án fordóma og mismununar. Elsta stig skólans nýtir þemað til að læra vinnubrögð við ritun heimildarritgerða og viðfangsefni ritgerðanna er jafnrétti. Yngsta og miðstig setja á svið hinn vinsæla söngleik Grease. Hann verður svo fluttur í byrjun apríl. Við horfum með tilhlökkun til komandi vikna.

Síðustu vikuna í mars fara svo nemendur í 10. bekk í námsferð til Danmerkur en sú ferð er áframhald á Nordplus verkefni sem hefur verið í gangi milli Flóaskóla og Gudenaskolen á Jótlandi nú á annað skólaár.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Frá Aðalfundi Umf Þjótanda

Aðalfundur Ungmennafélagsins Þjótanda, haldinn 24. febrúar 2024 í Þingborg



1. Fundarsetning og kosning starfsmanna fundarins

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður Ungmennafélagsins Þjótanda setti fundinn og skipaði starfsmenn fundarins.

Fanney Ólafsdóttir var skipuð fundarstjóri og Sveinn Orri Einarsson fundarritari.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar

Sveinn Orri Einarsson ritari félagsins las upp fundargerð síðasta aðalfundar. Samþykkt samhljóða en dagsetning fundarins var vitlaust skráð í skýrslu, það var lagið

3. Skýrsla stjórnar

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður Þjótanda, las skýrslu stjórnar.

4. Ársreikningar

Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri Þjótanda fór yfir helstu reikninga og útgjöld ársins 2024. Þar má helst nefna að félagið stendur vel, að árgjöld voru 110.289 kr og tap félagsins árinu nam 131.465 kr. Tapið má skýra með kaupum á glímudýnum á síðasta ári, en félagið hafði áður fengið styrk fyrir hluta af þeim kostnaði.

Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar las upp skýrslu nefndarinnar.

Freyja Kristín Guðjónsdóttir lasu upp skýrslu skemmtinefndar Sveinn Orri Einarsson las upp skýrslu ritnefndar.

5 Umræða um skýrslu og ársreikninga – Ársreikningur var samþykktur samhljóða

Hulda Kristjánsdóttir kom í pontu og hvatti til að samningur við sveitarfélagið væri uppfærður og gott væri að auka gagnsæi í hvert styrkir sveitarfélagsins fara.

Anný Ingimarsdóttir kom í pontu og talaði um að það væri mikilvægt væri að setja allt inn í ársreikninga jafnvel þótt greiðslur bærast eftir áramót.

6. Verðlaunaafhending

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir kynnr Íþróttafólk ársins sem þetta árið var Skólahreystihópur Flóaskóla fyrir þeirra miklu vinnu og metnað frábæra árangur í skólahreysti 2024. Í skólahreystihóp Flóaskóla 2024 eru þau David Örn Aitken Sævarsson, Helgi Reynisson, Karólína Þórbergsdóttir og Ásrún Júlía Hansdóttir



Guðmunda Bríet Steindórsdóttir kynnr félagi ársins. Félagi ársins þetta árið er Fanney Ólafsdóttir hefur verið leiðandi í ungmennastarfi sveitafélagsins og hefur komið að flestu starfi og viðburðum í á vegum félagsins

7. Kosningar

Allir í stjórn og varastjors bjóða sig áfram og samþykkt samhljóða



Stjórn félagsins er því skipuð:
Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður
Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri
Sveinn Orri Einarsson ritari
Örvar Rafn Hlíðdal og Hanna Dóra Höskuldsdóttir í varastjórn
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir í ritnefnd
Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður Íþróttanefndar
Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar
Í Einbúanefnd er Einar Magnússon.
Skoðunarmaður reikninga er Rannveig Árnadóttir.

8 Árgjald

Harpa Magnúsdóttir leggur til að árgjald haldi sama fyrirkomulagi og síðust ár. Er það samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Hulda Kristjánsdóttir kemur í pontu. Hún óskar vinningshöfum til hamingju og þakkar frábært starf milli sveitarfélags og ungmennafélags síðustu ár.

Hún hvetur til að samningur við sveitarfélagið verði endurskoðaður og uppfærður, einnig hvetur hún til að haldið verði upp á afmæli félagsins.

Anný Ingimarsdóttir kemur í pontu og óskar vinningshöfum til hamingju og flytur kveðju frá H. Hún hvetur félagið til að skrá sig á almannaheillaskrá svo hægt sé að taka við styrkjum og spara útgjöld. Hún bendir á að það sé komin svæðisfulltrúi Hsk og hvetur félagið að leita aðstoðar hjá honum ef þarf. Hún kemur einnig inn á að það sé orðnar breytingar á sjóðum lottó sem muni að öllum líkindum skerða innkomu félagsins.

Hrafnhildur Baldursdóttir líst vel á að það verði gert eitthva úr afmæli Þjótanda. Einnig hvetur hún til að nýjar glímudýnur verði settar í gagnið sem fyrst og mikilvægt sér að endurvekja glímuæfingar félagsins.

Anný Ingimarsdóttir kemur með ábendingu frá Ottó Inga Annýjarsyni um að gerðar séu síðbxur með merki Þjótanda með rennilás að neðar.
Fanney Ólafsdóttir hvetur stjórn til að halda upp á 10 ára

afmæli félagsins í haust og hvetur til dæmis til glímusýning á afmælinu. Hún vonast til að það náist að halda glímuæfingar næsta haust. Einnig hvetur hún stjórn til að setja til fleiri færslur á samskiptamiðlum Þjótanda t.d. um árangur í íþróttum o.þ.h.

Hrafnhildur Baldursdóttir mælir með að Baldur skjöldurinn á púltinu verði lagfærður.

Hulda Kristjánsdóttir kemur upp og hvetur til að Þjótandi kaupi fána sem sem ber merki félagsins

Björgvin Sigurðsson hvetur til að glímuæfingar fari af stað en bendir á að vanda tímasetningu á glímuæfingum.

11. Fundarslit

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður þakkar fyrir komuna og slítur fundinum. Á fundinn mættu 24 einstaklingar.



Meistaramót Íslands 11-14 ára innanhús 8.-9. febrúar 2025 Hafnarfirði

Þjótandi átti 5 keppendur á mótinu
Mikil stemning var á mótinu, gistu keppendurnir með liði
HSK og fóru í sund.

Liðsstjóri okkar hóps var Hrafnhildur Baldursdóttir.

60m hlaup piltar 11 ára

27.sæti 10,96 sek Nikulás Tumi Ragnarsson

400m hlaup piltar 11 ára

31.sæti 94,84 sek Nikulás Tumi Ragnarsson

Hástökk piltar 11 ára

11.sæti 1,10 m Nikulás Tumi Ragnarsson **PB**

Langstökk piltar 11 ára

20.sæti 3,03 m Nikulás Tumi Ragnarsson **PB**

Kúluvarp 2 kg 11 ára

1.sæti 8,11 m Nikulás Tumi Ragnarsson **PB**

60m hlaup piltar 13 ára

19.sæti 9,79 sek Kristján Reynisson

23.sæti 10,37 sek Ottó Ingi Annýjarson

600m hlaup piltar 13 ára

9.sæti 2:10,87 mín Kristján Reynisson

60m grind piltar 13 ára

9.sæti 13,13 sek Kristján Reynisson

13.sæti 14,62 sek Ottó Ingi Annýjarson

Hástökk piltar 13 ára

16-17.sæti 1,20 m Kristján Reynisson

20.sæti 1,15 m Ottó Ingi Annýjarson **PB**

Langstökk piltar 13 ára

12.sæti 3,93 m Kristján Reynisson

24.sæti 3,00 m Ottó Ingi Annýjarson

Þristökk piltar 13 ára

5.sæti 9,10 m Kristján Reynisson **PB**

12.sæti 7,11 m Ottó Ingi Annýjarson **PB**

Kúlvarp 3 kg piltar 13 ára

3.sæti 8,59 m Baldur Ragnar Ragnarsson **PB**

6.sæti 8,12 m Kristján Reynisson

27. sæti 4,56 m Ottó Ingi Annýjaron

60m hlaup stúlkur 13 ára

37. sæti 11,12 sek Guðbjörg Erla Annýjardóttir **PB**

Langstökk stúlkur 13 ára

33. sæti 3,03 m Guðbjörg Erla Annýjardóttir **PB**

Kúlvarp 2 kg stúlkur 13 ára

32. sæti 4,27 m Guðbjörg Erla Annýjardóttir **PB**

Meistaramót Íslands 15-22 ára innanhús 15.-16.febrúar 2025 Reykjavík

Þjótandi átti einn keppenda á mótinu.

Helgi Reynisson

23. sæti 8,34 sek 60 m hlaup

14. sæti 26,15 sek 200 m hlaup **pb**

7. sæti 1,73 m Hástökk

3. sæti 3,50 m Stangarstökk

7. sæti 5,67 m Langstökk **pb**



FLÓAHREPPUR

Verkstjórar óskast

**VILTU VINNA UTANDYRA Í
FALLEGU UMHVERFI Í SUMAR?**

**HAFÐU SAMBAND VIÐ
SVEITARSTJÓRA
HULDA@FLOAHREPPUR.IS**



Frá Ungmennaráði Flóahrepps

Ungmennaráð verður með opið hún þriðjudaginn 25. mars n.k.

Nánar auglýst síðar.

Ungmennráð

Dagskrá mánaðarins:

Folaldasýning Hrossaræktarf. Flóahrepps	2. mars
Fundur sveitarstjórnar	4. mars
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	4. mars
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	5. mars
Aðlfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	6. mars
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	7. mars
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	11. mars
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	12. mars
60+ hittingur	12. mars
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	14. mars
Héraðsleikar og Héraðsmót HSK	15. mars
Messa í Villingaholtskirkju	16. mars
Leikhúsferð 60+	16. mars
Fundur sveitarstjórnar	18. mars
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	19. mars
Aðalfundur Hrossaræktarfélag Flóahrepps	20. mars
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	21. mars
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	25. mars
Opið hús hjá Ungmennaráði	25. mars
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	26. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	27. mars
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	28. mars
Vera búin að sækja um Hvatagreiðslur	1. apríl